

Mál nr. 224/2006

M

og

Vátryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr kaskótryggingu bifreiðar vegna tjóns á stýrisbúnaði o.fl.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 6.11.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, mótt. 15.11.2006, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 5.6.2002 gaf M skýrslu hjá lögreglunni á Selfossi um að þann 13.5.2006 hafi hann verið að aka bifreið sinni, sem er af gerðinni Jeep Grand Cherokee, í æfingabraut á æfingasvæði að Hrísmýrarkletti. Brautin sé alsett hæðum og hólum og er hann hafi farið yfir eina hæðina, þá hafi verið það bratt niður að framendi bifreiðarinnar hafi skolið niður á hjólabúnaðinn þannig að stífur bognuðu og þar með stýrisbúnaðurinn. Einnig hafi mátt sjá tjón á stuðaranum að framan.

Bifreiðin var kaskótryggð hjá Vátryggingafélaginu X og hefur M krafist bóta úr kaskótryggingunni vegna þess tjóns sem á henni varð. Hefur M í því sambandi bent á að tjónið hafi orðið utan vega og bifreiðin sé tryggð með svokallaðri utanvega kaskótryggingu.

Félagið hefur hafnað bótaskyldu og hefur í því sambandi vísað til gr. 6.1 og 6.2 í skilmálum kaskótryggingarinnar. Samkvæmt gr. 6.1 bætir félagið ekki tjón þegar því hefur verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi vátryggðs eða ökumanns. Samkvæmt gr. 6.2 greiðir félagið ekki bætur þegar um er að ræða tjón við kappakstur, aksturskeppni, reynsluakstur eða æfingar fyrir slíkan akstur, nema um annað sé samið og þess getið á vátryggingarskírteini.

Álit.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að tjónið varð þegar bifreið M skall niður á hjólabúnaðinn, er M ók henni í æfingabraut alsettri hæðum og hólum. Í 4. gr. skilmálanna eru tilgreindar þær tjónsorsakir sem vátryggingin nær til. Í gr. 4.1 segir að vátryggingin bæti skemmdir á ökutækinu sjálfu eða eðlilegum aukahlutum af eldingu, eldsvoða og sprengingu sem stafar af honum, af árekstri, áakstri, veltu, útafakstri eða hrapi ökutækisins, grjóthruni, snjóflóði úr fjallshlíð og skriðufalli. Aðrar tjónsorsakir en þær sem tilgreindar eru í gr. 4.1 geta ekki komið til álita í máli þessu. Eins og tjón á bifreiðinni bar að höndum verður ekki séð að það hafi gerst af völdum þeirra tjónsorsaka sem tilgreindar eru í gr. 4.1. Í 7. gr. skilmálanna er vikið að tjóni á einstökum hlutum ökutækisins. Samkvæmt gr. 7.1 bætast ekki skemmdir er varða hjól o.fl. Þá bætast heldur ekki samkvæmt gr. 7.4 “skemmdir af akstri á ósléttri akbraut, hér með talin bilun á ásum, fjöðrum... og öðrum hlutum í eða á undirvagni ökutækisins...” Erú í greininni taldir upp ýmsir hlutar í bifreiðinni sem ekki bætast. Þótt ekki sé berum orðum vikið að hjólabúnaði eða stýrisbúnaði þá felst í gr. 7.4 að skemmdir á einstökum hlutum bætast almennt ekki þegar þær hljóta af akstri á ósléttri akbraut. Eins og M hefur lýst aðstæðum í braut þeirri sem hann ók, þá verður ekki hjá því komist að líta svo á að hún hafi verið óslétt. Að þessu öllu virtu ber að líta svo á að tjón á bifreið M hafi orðið með þeim hætti að það fæst ekki bætt úr kaskótryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón á bifreið M fæst ekki bætt úr kaskótryggingu hjá X.

Reykjavík, 5. desember 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.